

**Ed.**

**280. Frumvarp til laga**

**[161. mál]**

um lögskráningu sjómanna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

### I. KAFLI

#### Um lögskráningarskyldu og lögskráningarstjóra.

##### 1. gr.

Lögskráning sjómanna er tvenns konar: lögskráning í skiprúm og lögskráning úr skiprúmi.

##### 2. gr.

Skylt er að lögskrá alla þá menn, sem ráðnir eru til starfa á íslenskum skipum, sem eru 12 rúmlestir brúttó eða stærri.

Þó þarf eigi að lögskrá:

- a. leiðsögumenn,
- b. eftirlitsmenn með farmi,
- c. verkamenn, er vinna eiga að fermingu eða affermingu í höfnum innanlands, þó að þeir fari með skipinu, enda séu þeim ekki ætluð önnur störf á skipinu.

##### 3. gr.

Lögreglustjórar eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi. Utan heimilisþinghár sinnar er þeim heimilt að fela hreppstjórum að annast lögskráningar.

Samgöngumálaráðuneytið getur skipað sérstaka lögskráningarstjóra á þeim stöðum, þar sem ástæða þykir til að létta því starfi af lögreglustjóra. Einnig er lögreglustjóra heimilt að skipa fulltrúa innan heimilisþinghár sinnar til að framkvæma lögskráningar á hans ábyrgð, ef þess gerist þörf.

Þar sem eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, fer lögskráning fram í því umdæmi, sem skipið þá er statt í.

##### 4. gr.

Lögskrá skal í skiprúm:

1. Hvert sinn, er nýr maður eða áhöfn er ráðin á skip.
2. Í fyrsta sinn á hverju almanaksári, er skip er afgreitt eða byrjar ferð frá héraðslandri höfn, enda þótt engin breyting verði á skipshöfn eða ráðningarkjörum hennar.
3. Hvert sinn, er nýr maður er ráðinn erlendis á íslenskt skip. Skal þá íslenskt sendiráð eða ræðismaður lögskrá á skipið, ef til næst. Sendiráð eða ræðismaður skal síðan þegar tilkynna hina nýju lögskráningu með símskeyti til lögskráningarstjóra þess, sem lögskráði á skipið um næstu áramót á undan.  
Sé ekki unnt að ná til sendiráðs eða ræðismanns, en ráða verði mann á íslenskt skip erlendis, skal skipstjóri þegar tilkynna það til lögskráningarstjóra þess, sem lögskráði á skipið um næstu áramót á undan.
4. Hvert sinn, er sjómenn eru ráðnir hér á landi í skiprúm á íslensku skipi, sem statt er erlendis, skulu þeir lögskráðir, áður en þeir fara af landi burt, og fer lögskráning þá fram þar, sem ráðningarsamningur er gerður við þá.
5. Hvert sinn, er íslenskur sjómaður er ráðinn á erlent skip hér á landi.

5. gr.

Lögskrá skal úr skiprúmi í hvert sinn, er vist manns lýkur á skipi, hvort sem hann er leystur úr skiprúmi, strýkur af skipi, andast í vistinni eða fer með öðrum hætti af skipi. Fari hann af skipi í hérlendri höfn, fer lögskráning fram þar, en ella með sama hætti og um getur í 3. lið 4. gr., um lögskráningu í skiprúm.

II. KAFLI

Um lögskráningu á skip, önnur en fiskiskip.

6. gr.

Eigi má skipstjóri leggja skipi úr höfn, nema allir skipsmenn, sem skylt er að lögskrá skv. 2. gr., hafi verið lögskráðir í skiprúm.

Er skipstjóra skylt að sjá um, að skipverjar séu lögskráðir í skiprúm og úr skiprúmi. Nú er svo ástatt sem segir í 4. lið 4. gr. og er skipstjóri eigi staddur þar, sem lögskráning á að fara fram, og skal þá útgerðarmaður sjá um, að lögskráð sé.

7. gr.

Við lögskráningu í skiprúm skal skipstjóri afhenda skráningarstjóra:

1. Skipstjóraskírteini sitt.
2. Mælingarbréf skipsins og haffærisskírteini.
3. Atvinnuskírteini þeirra manna, er lögskráðir eru og skírteini þurfa að lögum, til þess að mega gegna stöðu þeirri á skipinu, sem þeir eru ráðnir til.
4. Skipshafnarskrá og aukaskrá, ef hún hefur verið gerð.
5. Viðskiptabækur og sjóferðabækur þeirra manna, er lögskráðir skulu.

Við lögskráningu úr skiprúmi skal skipstjóri leggja fram skipshafnarskrá og sjóferðabækur.

8. gr.

Pegar skipsmenn allir eru skráðir í senn, skv. 2. lið 4. gr. eða endranær, skal skipstjóri láta gera skipshafnarskrá í tveimur samhljóða eintökum. Samgöngumálaráðuneytið ákveður gerð skipshafnarskrár.

Nú eru nýir menn lögskráðir í skiprúm eftir að skipshafnarskrá er gerð, og skal þeim þá bætt við á skrána, meðan hún endist, en á aukaskrá, sé hún fullrituð, og skal þess þá getið í aðalskránni, að aukaskrá hafi verið gerð.

9. gr.

Um viðskiptabækur og sjóferðabækur skipsmanna fer eftir ákvæðum sjómanna-laga og laga um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum svo og reglugerða þeirra, er settar eru samkvæmt þeim lögum.

10. gr.

Pegar lögskráð er í skiprúm samkv. þessum kafla skulu menn þeir, er lögskráðir skulu, mæta sjálfir hjá lögskráningarstjóra ásamt skipstjóra, eða útgerðarmanni eða umboðsmanni hans, er svo stendur á sem segir í niðurlagi 6. gr.

Nú er sá maður, er lögskráður skal, ráðinn á skip af öðrum en skipstjóra eða útgerðarmanni, og skal þá sá maður, er réð hann, mæta við lögskráningu hans og undirrita ráðningarsamninginn í skipshafnarskrá og viðskiptabók.

11. gr.

Pegar lögskráð er í skiprúm, skal lögskráningarstjóri lesa upp ráðningarsamninginn í viðskiptabókinni eða skipshafnarskránni fyrir þeim, sem lögskráður skal. Ef lögskráningarstjóri telur samninginn ekki að öllu leyti í samræmi við gildandi kjarasamninga viðkomandi stéttarsamtaka, skal lögskráningarstjóri benda aðila

á það og spyrja hann að því, hvort hann sé samþykkur samningnum. Sama gildir, ef lögskráningarstjóra virðast einhver ákvæði í samningnum óvenjuleg eða frábrugðin því, sem almennt tíðkast, og skal hann þá benda aðilum á þau. Vilji báðir aðilar þrátt fyrir það hlíta samningnum, eins og hann er, skal lögskráning fara fram, ef samningurinn brýtur eigi í bága við lög, en lögskráningarstjóri skal þá rita athugasemd í viðskiptabókina og á skipshafnarskrána um það, hvað honum þótti athugasvert við samninginn.

#### 12. gr.

Þegar skipstjóri og menn þeir, sem lögskrá skal, hafa undirritað ráðningar-samninginn í viðskiptabók og skipshafnarskrá, skal skráningarstjóri afhenda skipstjóra annað eintak skipshafnarskrár með áritun sinni ásamt þeim skjölum, sem framlögð voru, áður en skráning hófst, sbr. 7. gr., en varðveita sjálfur hitt eintak skipshafnarskrárinnar.

#### 13. gr.

Nú fer lögskráning á hluta skipshafnar eða allri skipshöfn síðar fram í öðru umdæmi en þar, sem samrit skipshafnarskrár, er lögskráningarstjóri hélt eftir, er skráð var skv. 2. lið 4. gr., er geymt, og skal þá lögskráningarstjóri sá, er síðar lögskráir, halda eftir samriti af því, sem ritað er á samrit skipstjóra, eða aukaskrá, hafi hún verið gerð, við hina síðari lögskráningu. Skal lögskráningarstjóri sá, er síðar lögskráir, þegar senda þeim, er lögskráði á skipið í ársbyrjun sama ár, afrit af hinni nýju lögskráningu og hann færa það á frumrit það, sem er í hans vörzlu, ásamt viðeigandi athugasemd.

Nú skýrir skipstjóri frá því við lögskráningu, að skipshafnarskrá sín sé glötuð, og lögskráningarstjóri hefur eigi samrit hennar, og skal þá lögskráningarstjóri leggja fyrir skipstjóra að láta gera nýja skipshafnarskrá. Skal lögskráningarstjóri þá rannsaka, hvort hin nýja skrá sé rétt, með samanburði á henni við viðskiptabækur skips-manna og önnur skilríki þeirra og með því að láta þá sjálfa skýra frá ráðningarkjö- rum sínum. Eigi að lögskrá alla skipsmenn úr skiprúmi, þarf að gera nýja skrá, en lögskráningarstjóri skal þá rannsaka þau atriði, er lögskráningin gefur tilefni til, með þeim hætti, er áður var sagt.

#### 14. gr.

Þegar lögskráð er úr skiprúmi, skulu þeir menn, sem skrá á úr skiprúmi, mæta með sama hætti og lýst er í 10. gr., ef þeir óska þess og eigi tálma veikindi eða önnur forföll.

Óheimilt er að lögskrá úr skiprúmi nema frá þeim degi að telja, er slíkrar skráning- ingar er óskað, nema fyrir liggi yfirlýsing frá þeim skipverjum, sem þannig á að lögskrá úr skiprúmi, um, að þeir séu því samþykkir.

Geti sjómaður eigi tekið á móti sjóferðabók sinni eða viðskiptabók, er hann er lögskráður úr skiprúmi, skal afhenda þær lögskráningarstjóra til varðveislu og ráðstöfunar.

Uu kaup skipverja, sem haldið er eftir samkvæmt 63. gr. sjómanna-laga, fer eftir 70. gr. sömu laga.

### III. KAFLI

#### Um lögskráningu á fiskiskip.

#### 15. gr.

Um lögskráningu sjómanna á skip, sem stunda hvers konar fiskveiðar, gilda sömu ákvæði, er gilda um lögskráningu sjómanna á skip, sem ekki stunda veiðar, með þeim undantekningum, sem greinir í þessum kafla.

16. gr.

Við lögskráningu á skip þau, er um ræðir í þessum kafla, skulu allir þeir menn, sem lögskrá á til þeirra starfa á skipinu, sem sérstök réttindi þarf til að gegna lögum samkvæmt, mæta hjá lögskráningarstjóra og undirrita skipshafnarskrá á sama hátt og lýst er í II. kafla.

Við lögskráningu þá, er um getur í 2. lið 4. gr., skulu allir skipverjar mæta hjá lögskráningarstjóra og undirrita skipshafnarskrá. Sama gildir, ef ákvæði í ráðningarsamningum eru ekki í samræmi við almenna samninga, sem í gildi eru um veiðar þær, sem skipið á að stunda, eða slíkir samningar ekki í gildi.

Að öðru leyti en um getur í næstu málsgrein hér á undan er skipverjum, sem ekki eru ráðnir til réttindastarfa á skipi, eigi skylt að mæta við lögskráningu og undirrita skipshafnarskrá þar. Þó getur sérhver þeirra krafizt þess að vera viðstaddur, er hann skal lögskráður, og er skipstjóra þá skylt að heimila það.

17. gr.

Nú fer lögskráning fram með þeim hætti, sem um getur í 16. gr., enda sé ekki um að ræða lögskráningu samkvæmt 2. lið 4. gr., og skal þá skipstjóri færa á skipshafnarskrá við lögskráningu nöfn þeirra manna, er hann hefur ráðið á skipið og eigi er skylt að mæti sjálfir við lögskráningu, auk nafna þeirra, sem skylt er að vera viðstaddir eða eru það að eigin ósk. Jafnframt skal skipstjóri rita í skipshafnarskrá aðrar þær upplýsingar um ráðna skipverja, sem lögskrá á, en eigi eru viðstaddir, sem tilskilið er, þ. á m. um ráðningarkjör.

Síðan skal skipstjóri, svo fljótt sem auðið er, sjá um, að þeir skipverja, sem hafa ekki undirritað skipshafnarskrána, riti nafn sitt á réttum stað á eintak það, er skipstjóri fær af skipshafnarskrá.

18. gr.

Nú ber svo til, að leggja þarf fiskiskipi úr höfn til veiða á þeim tíma, er skrifstofa lögskráningarstjóra er lokuð, og ekki unnt að ljúka lögskráningu á venjulegan hátt, en lögskrá þarf einn mann eða fleiri í skiprúm, og er þá heimilt, að þeir fari með skipinu án venjulegrar lögskráningar, enda hafi viðkomandi réttindi til þeirra starfa, sem hann er lögskráður til, og skipstjóri eða útgerðarmaður tilkynni lögskráningarstjóra nöfn manna og annað, sem honum ber að skýra frá við almenna lögskráningu. Tilkynningin skal vera skrifleg og hafa borizt lögskráningarstjóra eigi síðar en 24 klst. eftir brottför skipsins á þar til gerðu eyðublaði eða í símskeyti.

Sama gildir, ef einn eða fleiri menn eru ráðnir á skip, eftir að almenn lögskráning samkv. 16. gr. hefur farið fram.

19. gr.

Pegar skip lætur úr höfn með einn eða fleiri skipverja, sem ekki hafa verið lögskráðir á venjulegan hátt, sbr. 18. gr., skal skipstjóri, jafnframt því sem hann sér um, að nöfn og upplýsingar séu sendar lögskráningarstjóra, færa nöfn manna og annað, sem skrásetja ber við lögskráningu, á eintak það af skipshafnarskránni, sem er í skipinu. Skulu þeir, sem þannig eru lögskráðir, samþykkja lögskráninguna með áritun sinni á skipshafnarskrána.

Við næstu lögskráningu skal skipstjóri leggja eintak það af skipshafnarskránni, sem í skipinu er, fyrir lögskráningarstjóra, og skal þá bera hana saman við frum-eintak lögskráningarstjóra og þær tilkynningar, sem honum hafa borizt. Enn fremur skal lögskráningarstjóri athuga, hvort allir þeir, sem mættu ekki við lögskráningu hjá lögskráningarstjóra eða lögskráðir hafa verið síðar samkvæmt 18. gr., hafa áritað eintak skipstjóra af skipshafnarskrá. Að athugun lokinni ritar lögskráningarstjóri niðurstöður sínar í eintak það af skipshafnarskránni, sem er í hans vörzlum.

**IV. kafli.**  
**Almenn ákvæði.**

**20. gr.**

Lögskráningarstjóri skal gæta þess, að skilríki þau öll, sem nefnd eru í 7. gr., séu fyrir hendi, er lögskráð er. Hann skal og gæta þess, að ritað sé í skipshafnarskrá og í viðskiptabók allt það, er þar skal ritað lögum samkvæmt, og að eigi sé ósamræmi milli þeirra. Komist hann að raun um, að misbrestur sé á þessu, skal eigi lögskráð fyrr en úr því er bætt, en ella ritar hann vottorð sitt um lögskráninguna á skjöl þessi.

Þegar lögskráð er í skiprúm, skal lögskráningarstjóri einnig rannsaka, hvort nokkuð í framlögðum skjölum sé því til fyrirstöðu, að menn þeir, sem skráðir skulu, megi vera á skipinu eða í þeirri stöðu, sem þeir eru ráðnir til. Reynist einhverju áfátt í þessu efni, skal hann neita að lögskrá þá menn, sem svo er ástatt um.

**21. gr.**

Lögskráningarstjóri skal jafnan, er lögskráning fer fram, rannsaka, hvort farið hefur verið eftir fyrirmælum laga um lögskráningu. Ef ætla má, að lögbrot hafi verið framið, skal hann gera þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess að ábyrgð verði komið fram fyrir brotið. Nú er lögskráningarstjóri eigi jafnframt lögreglustjóri, og skal hann þá tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi lögreglustjóra þessa mála-  
vexti.

**22. gr.**

Nú verða skipstjóraskipti á íslenzku skipi, og skal lögskráningarstjóri þá kveðja báða skipstjórana til sín, ef þess er kostur. Skal þá afhenda hinum nýja skipstjóra öll skjöl, þau er skipinu eiga að fylgja og fyrirrennari hans hafði undir höndum, jafnframt því að hann er lögskráður á skipið.

**23. gr.**

Lögskráningarstjóra er skylt að hafa jafnan nægar birgðir af viðskiptabókum sjómanna, sjóferðabókum og skipshafnarskrám. Ef skipstjóri óskar þess, er lögskráningarstjóra skylt að fylla skjöl þessi út fyrir hann.

Fyrir störf þau, er lögskráningarstjóri innir af höndum samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir viðskiptabækur, sjóferðabækur og skipshafnarskrár skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá, er samgöngumálaráðuneytið setur. Lögskráningarstjóri innheimtir gjöld þessi, og renna þau í ríkissjóð. Gjald fyrir sjóferðabók greiðir hlutaðeigandi sjómaður sjálfur, en önnur gjöld greiðir skipstjóri fyrir hönd útgerðarmanna.

**24. gr.**

Lögskráningarstjóra ber að sýna alla lipurð um lögskráningu utan venjulegs skrifstofutíma, þegar nauðsyn krefur. Í Reykjavík skal lögskráningarstjóri sinna lögskráningu alla virka daga frá kl. 9 árdegis til kl. 5 síðdegis, og á helgum dögum, öðrum en föstudeginum langa og fyrra helgidegi stórhátíða, frá kl. 4 til kl. 6 síðdegis.

**25. gr.**

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að kr. 10 000.00, enda liggi ekki þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

**26. gr.**

Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með að hætti opinberra mála.

**27. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 53 19. maí 1930, um lögskráningu sjómanna.

## Greinargerð.

Frumvarpið er flutt eftir beiðni sjávarútvegsmálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frumvarpið, og hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu af hálfu ráðuneytisins:

Hinn 15. janúar 1960 skipaði siglingamálaráðherra nefnd til að endurskoða gildandi lög og reglur varðandi lögskráningu sjómanna.

Í nefndina voru skipaðir Brynjólfur Ingólfsson deildarstjóri í samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytinu, Baldur Guðmundsson útgerðarmaður, eftir tilnefningu Landsambands íslenskra útvegsmanna, Kristófer Eggertsson skipstjóri, eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sigfús Bjarnason sjómaður, eftir tilnefningu Sjómannafélags Reykjavíkur, og Sveinn Þórðarson fulltrúi, eftir tilnefningu tollstjórans í Reykjavík.

Í fjarveru- og veikindaförföllum Kristófers Eggertssonar tilnefndi Farmanna- og fiskimannasamband Íslands Egil Hjörvar vélstjóra til að starfa í nefndinni í stað Kristófers, og sótti Egill nokkra fundi nefndarinnar.

Nefndin aflaði sér upplýsinga um framkvæmd lögskráningar sjómanna hér á landi og lög þau og reglur, er um þessi mál gilda í Noregi, Svíþjóð og Bretlandi. Varð fullt samkomulag í nefndinni um frumvarp þetta.

Áður en vikið er að helztu nýmælum frumvarpsins, skal saga lögskráningar- löggjafar á Íslandi rakin í stuttu máli.

Fyrstu íslensku lagaákvæðin um lögskráningu sjómanna var lögskráningarbálkur farmannalaganna frá 22. marz 1890. Voru þar ákvæði um lögskráningarskyldu og framkvæmd lögskráningar, en jafnframt gert ráð fyrir, að landshöfðingi gæfi út leiðarvísir um það, hvernig skráningarstjórar framkvæmdu störf sín. Leiðarvísir þessi var út gefinn 15. nóv. 1890 og bar nafnið „Leiðarvísir fyrir skipskráningarstjóra um framkvæmd starfa þeirra, sem farmannalög 22. marz 1890 leggja þeim á herðar“.

Leiðarvísirinn er í tveimur hlutum, fyrri hlutinn um almenna framkvæmd starfa þeirra, sem um ræðir í lögskráningarbálki, og síðari hlutinn um framkvæmd starfa þeirra, sem um ræðir í vistráðabálki farmannalaganna frá 1890, en þar var að finna helztu ákvæðin um gerð skipshafnarskrár, skiprúmssamninga, viðskiptabækur sjómanna o. fl. Í þessum hluta leiðarvísisins eru því allýtarleg fyrirmæli um það, hvað skuli færa í viðskiptabækur m. a. og hverjar skyldur skráningarstjórum eru lagðar á herðar vegna ákvæða vistráðabálkar, til þess að lögskráning megi fara fram, enn fremur að skráningarstjóri skuli gæta þess, að skiprúmssamningur brjóti ekki í bága við lög, og sjómaður undirgangist ekki óafvitandi samninga, sem honum eru í óhag. Þá skyldi skráningarstjóri aðstoða við gerð skiprúmssamninga og uppgjör reikninga, reyna að jafna ágreining milli aðila og leiðbeina þeim, er honum þykir á hallað, um það, hvernig hann skuli ná rétti sínum.

Þessi ákvæði hafa að verulegu leyti verið tekin upp í gildandi lögskráningarlög frá 1930, efnislega nær óbreytt.

Leiðarvísir landshöfðingja frá 1890 um lögskráningu sjómanna virðist hafa gilt fram til 1. jan. 1931, því að enda þótt gert væri ráð fyrir því í siglingalögunum frá 1914, að stjórnarráðið setti reglur fyrir skráningarstjóra til að fara eftir við lögskráningu, munu þær reglur aldrei hafa verið settar og því verið farið eftir leiðarvísinum frá 1890, eftir því sem við átti, allt til 1. jan. 1931, er núgildandi lög tóku gildi.

Þann 31. jan. 1930 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna. Við 1. umr. um málið í Nd. komst framsögumaður, sem var einn flutningsmanna, m. a. svo að orði um frumvarpið:

„Þetta frumvarp er að mestu leyti sniðið eftir þeirri venju, sem hefur að

nokkru leyti skapazt hér á landi um lögskráningu sjómanna, og mun sú venja nokkuð stafa frá þeim leiðarvísi, sem þáv. landshöfðingi árið 1890 gaf lögreglustjórum til að fara eftir við lögskráningu. Sá leiðarvísir var að mestu sniðinn eftir gildandi dönskum lögum, en í þessu frumvarpi eru ýmis nýmæli, sem ég síðar mun minnst á.“

Framsögumaður benti síðan í ræðu sinni á helztu nýmæli frumvarpsins og taldi ákvæði 16. gr. þýðingarmest, en það var síðar samþykkt óbreytt. Í greininni eru ákvæði um það, að skráningarstjóri skuli gera upp reikning sjómanna, ef þess er krafizt, miðla málum milli aðila og úrskurða ágreiningsatriði. Í frumvarpinu voru enn fremur ýmis önnur nýmæli, orðalag glegggra og ýtarlegra en í leiðarvísinum frá 1890, enda þótt frumvarpið væri að mestu sniðið eftir honum.

Frumvarp þetta var samþykkt á Alþingi 16. apríl 1930, lítið breytt, og öðluðust lög in gildi 1. jan. 1931.

Við samningu frumvarps eða endurskoðun löggjafar er rétt að gera sér ljósan kjarna málsins og hver er megintilgangurinn. Við endurskoðun gildandi laga um lögskráningu sjómanna virðist rétt að leggja áherzlu á eftirgreind atriði fyrst og fremst, sem setja verður glögg ákvæði um:

1. Lögskráning á að tryggja, að áhöfn skips sé lögleg, að ekki séu aðrir í skiprúmi á skipi en þeir, sem mega það lögum samkvæmt og hafa fært sönnur á fyrir lögskráningarstjóra, að þeir hafi lagalegan rétt til þess að gegna þeim störfum á skipinu, sem þeir eru ráðnir til.
2. Með lögskráningu er tryggt, að upplýsingar séu til um það, hverjir eru í skiprúmi á hverjum tíma.
3. Að gerðir séu glöggir samningar um kaup og kjör lögskráðra sjómanna með því að vitna í heildarsamninga eða, séu slíkir samningar ekki til, þá með því að skrá sérstaklega, hvaða kjör er samið um.
4. Með lögskráningu er skráður siglingatími sjómanna.

Telja verður, að þessi fjögur atriði feli í sér megintilgang lögskráningar sjómanna, og er frumvarpið samið með hliðsjón af því. Er því lögð áherzla á það í frumvarpinu að fella lögskráninguna í það form, að unnt sé í framkvæmd að tryggja sem bezt, að náð sé þessum megintilgangi laganna.

Í gildandi lögum eru ákvæði, sem telja verður fullnægjandi, um eftirlit með því, er fjallar um í 1. lið hér að framan. eru þau ákvæði gildandi laga tekin efnislega óbreytt í frumvarp þetta.

Varðandi 2. lið hér að framan verður að telja, að ekki sé unnt að tryggja að gildandi lögum óbreyttum, að jafnan séu fyrir hendi upplýsingar um, hverjir í skiprúmi eru. Kunnugt er, að mikill misbrestur er á því, að allir skipverjar, sem lögskrá á í skiprúm, komi til lögskráningarstjóra og undirriti þar ráðningarsamning í skipshafnarskrá, og oft eru menn ráðnir til starfa á síðustu stundu og það ekki tilkynnt lögskráningarstjóra fyrir en seint og síðar meir eða jafnvel alls ekki. Munu dæmi þess, að langan tíma þurfti til að afla upplýsinga um það, hverjir voru á skipi, sem tynzt hafði. Þá mun einnig hafa komið fyrir, að fiskibátar, sem skylt er að lögskrá á, hafi farið á veiðar, án þess að nokkur maður hafi verið lögskráður. Er þetta að sjálfsögðu óviðunandi og brýn nauðsyn til að gera þá breytingu á lögnum, sem bætt getur úr þessu, þannig að lög in nái tilgangi sínum. Er því lagt til, að breytt verði gildandi ákvæðum um lögskráningu á fiskiskip og aðeins skylt, að þar mæti við lögskráningu í skiprúm þeir menn, sem lögskrá á til þeirra starfa á skipinu, sem sérstök réttindaskírteini þarf til að gegna. Enn fremur hefur þótt rétt að rýmka nokkuð heimild gildandi laga fyrir fiskibáta til að fara úr höfn án þess að ljúka lögskráningu, ef ekki er unnt að ná til lögskráningarstjóra, nema skipið tefjist verulega. Vísast nánar til skýringa við 18. og 19. gr. hér á eftir.

Ekki þótti ástæða til að breyta frá gildandi skipan að þessu leyti, að því er

til annarra skipa tekur en fiskiskipa, því að þar er yfirleitt minna um mannaskipti og þau jafnan ákveðin með lengri fyrirvara.

Þá er einnig stefnt að því, að jafnan sé til á einum stað heildarskrá yfir skipverja, eins og þeir eru á hverjum tíma, og sé sú skrá þar, sem lögskráð var á skipið í ársbyrjun sama ár, og þangað ber öðrum lögskráningarstjórum að tilkynna allar síðari breytingar á lögskráningu.

Um það, sem ræðir í 3. lið hér að framan, er frumvarpið að mestu leyti efnislega samhljóða sams konar ákvæðum í gildandi lögum, en þó eru felldar niður 16. og 17. gr. gildandi laga.

Samkvæmt gildandi lögskráningarlögum skal skiprúmssamningur gerður og undirritaður í viðurvist lögskráningarstjóra. Við lögskráningu er lögskráningarstjóra skylt að gæta þess, að skiprúmssamningur brjóti ekki í bága við lög, að háðum aðilum séu kunngerð ákvæði samnings og þeir séu þeim samþykkir og aðilum sé bent á þau atriði í samningum, sem kunna að vera óvenjuleg eða frábrugðin því, sem almennt tíðkast.

Með 16. og 17. gr. gildandi lögskráningarlaga er lögskráningarstjórum enn fremur gert að skyldu að vera aðilum til aðstoðar við reikningsuppgjör, ef þess er krafizt. Ber þeim einnig að leita sátta, ef aðila greinir á um reikningsgerðina, og úrskurða ágreiningsatriði, ef sættir takast ekki, hafi annar hvor aðila krafizt þess. Voru þessi ákvæði talin mjög mikilvæg, þegar lögin voru sett. Síðan 1930 hefur mikil breyting orðið á, sem veldur því, að slíkra ákvæða er nú ekki lengur þörf.

Samtök sjómanna og útgerðarmanna hafa nú gert heildarsamninga um kaup og kjör sjómanna, og er því nær alltaf lögskráð „samkvæmt gildandi samningum viðkomandi stéttarfélag“.

Af aðild sjómannasamtakanna að kjarasamningum leiðir, að þau hafa nú með höndum eftirlit með því, að samningar séu haldnir, og annast að mestu leyti allan málarekstur fyrir hönd sjómanna út af kjara- og kaupmálum þeirra. Er því ekki lengur leitað aðstoðar lögskráningarstjóra í því efni, og hefur svo verið mörg undanfarin ár. Ákvæði 16. og 17. gr. lögskráningarlaganna eru því orðin óþörf. Hefur nefndin því leitað um það álits Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands, hvort þau telji ástæðu til, að þessi ákvæði séu áfram lögfest. Töldu framangreind samtök þess ekki þörf, og tók nefndin því ekki ákvæði greinanna upp í frumvarpið.

Ekki virðist nauðsynlegt að gera verulegar breytingar á gildandi lögum vegna þess atriðis, sem um ræðir í 4. lið hér að framan, og þær breytingar, sem lagt er til í frumvarpi þessu að gerðar verði á gildandi lögum, torvelda lögskráningarstjórum á engan hátt framkvæmd laganna, hvorki að þessu leyti né öðru.

Um einstakar greinar skulu gefnar eftirgreindar skýringar:

Um 1. gr.

Grein þessi er samhljóða 1. gr. gildandi laga um lögskráningu sjómanna.

Um 2. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 2. og 6. gr. gildandi lögskráningarlaga.

Til álita virðist koma að krefjast ekki fullkominnar lögskráningar á jafnsmáum skipum og nú er gert og hvort ekki sé nóg að lögskrá á skip stærri en 30 rúmlestir. Í löggjöf þeirra landa, sem nefnd sú, er frumvarpið samdi, kynnti sér, eru ekki gerðar jafnstrangar kröfur og hér að þessu leyti.

Hér er þó ekki lagt til, að gildandi ákvæði um þetta efni verði breytt, heldur þess freistað að breyta fyrirkomulagi lögskráningar á fiskiskip nokkuð og gera framkvæmdina einfaldari en hún er.



Um 3. gr.

Grein þessi er samhljóða 3. gr. gildandi laga. Þrátt fyrir orðalag greinarinnar, eins og hún nú er, hefur tollstjóri í Reykjavík haft með lögskráningu sjómanna að gera í Reykjavík, og er ekki gert ráð fyrir breytingu á því, sbr. einnig 2. mgr. greinarinnar.

Um 4. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 4. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir, að áramótaskráning samkv. 2. tl. greinar þessarar sé gerð í heimahöfn skipsins og þar sé þá gerð skipshafnarskrá sú, sem síðari lögskráningar, breytingar og afskráningar séu færðar inn á, þannig að þar sé jafnan að finna á einum stað upplýsingar um, hver áhöfn skipsins er.

Tekið er inn í 3. tl. ákvæði um tilkynningarskyldu þeirra aðila, sem lögskrá erlendis, til þess lögskráningarstjóra, er lögskráði um næstu áramót á undan, og er það í samræmi við ákvæði 13. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Grein þessi er samhljóða 5. gr. gildandi laga og gefur ekki tilefni til skýringa.

Um 6. gr.

Með grein þessari hefst II. kafli frumvarpsins og þá um leið eitt höfuðnýmælið, það að greina á milli lögskráningar á skip önnur en fiskiskip, þ. e. verzlunarskip og varðskip, sem strangari reglur gilda um, og fiskiskip, sem fjallað er um í III. kafla frumvarpsins, sbr. þó 16. gr., 2. mgr. Þó gilda mörg ákvæði þessa kafla einnig um fiskiskip, sé ekki annað greint í III. kafla, sbr. 15. gr. frumvarpsins.

Grein þessi er efnislega samhljóða 1. mgr. 7. gr. og 8. gr. gildandi laga. Á hún að sjálfsögðu við um öll íslensk skip stærri en 12 brúttó-smálestir.

Um 7. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 10. gr. gildandi laga. Bætt er inn í 5. tl. skyldu til að sýna einnig sjóferðabækur skipverja, er lögskráð er. Samkvæmt 11. gr. sjómannalaga, nr. 41/1930, og 56. gr. laga um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, nr. 66/1946, eiga allir lögskráðir sjómenn að hafa sjóferðabók. Slík bók er handhæg sem sönnunargagn fyrir siglingatíma og auk þess oft notuð sem nokkurs konar vegabréf í erlendum höfnum. Þrátt fyrir skýlausa lagaskyldu mun hafa verið mikill misbrestur á, að allir lögskráðir sjómenn hafi fengið sjóferðabók og hún verið færð reglulega.

Þing Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hefur gert ályktun um þetta og talið brýna nauðsyn bera til. að haldið væri fast við lögin í þessu efni. Þá hafa stjórnarvöldum hér á landi borizt kvartanir erlendra yfirvalda um, að íslenskir sjómenn væru oft í erlendum höfnum án allra skilríkja, og er þá talið, að sjóferðabók nægi.

Að öllu þessu athuguðu virðist sjálfsgagt að vinna að því, að allir lögskráðir sjómenn fái sjóferðabók. Verður að telja, að ef skipstjóra er skylt að sýna slíka bók við lögskráningu, geti það skapað talsvert aðhald í þessu efni. Rétt virðist, að tekin verði upp sú regla, að í sjóferðabók sé ljósmynd af viðkomandi sjómanni.

Um 8. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Um 9. gr.

Grein þessi er samhljóða 13. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Grein þessi er samhljóða 1. mgr. 9. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir, að lögskráning á verzlunarskip og varðskip verði áfram með sama hætti og nú er lögfest

og allir þeir, sem lögskrá á, mæti sjálfir við lögskráningu og undirriti skiprúms-  
samning þar á skipshafnarskrá og taki við viðskiptabókum sínum.

Þykir ekki ástæða til breytingar frá því fyrirkomulagi, sem nú tíðkast um lög-  
skráningu á skip þau, sem um ræðir í þessum kafla, þar sem breytingar á áhöfn  
eru ekki jafntíðar þar og á fiskiskipum og oftast kunnar með lengri fyrirvara.

#### Um 11. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 15. gr. gildandi laga.

Enda þótt nú séu yfirleitt komnir á fastir heildarsamningar um kaup og kjör  
sjómanna, bæði á verzlunarskipum, varðskipum og fiskiskipum, og sjaldgæft, að  
samið sé um kjör, sem ekki eru í samræmi við hina almennu samninga, verður  
þó að teljast rétt, að grein þessi standi áfram. Greinin getur að sjálfsögðu aðeins  
átt við um þá sjómenn á fiskiskipum, sem viðstaddir eru, þegar lögskráð er í  
skiprúm, en samkv. 2. mgr. 16 gr. eiga allir að vera viðstaddir og undirrita skip-  
rúmssamning á skipshafnarskrá, ef ákvæði í samningnum eru ekki í samræmi við  
almenna samninga eða engir slíkir samningar til um veiðar þær, sem stunda á.

Eykur þetta líkur á því, að allir skipverjar séu viðstaddir einmitt í óvenjuleg-  
um tilfellum, og lögskráningarstjóra þá skylt að gera sitt bezta til, að ljóst liggja  
fyrir, hvort um misskilning sé að ræða eða hvort aðilar séu að athuguðu máli  
ráðnir í að gera með sér samning um afbrigðileg kjör.

#### Um 12. gr.

Grein þessi er að efni til í samræmi við 1. mgr. 20. gr. gildandi laga og gefur  
ekki tilefni til skýringa.

#### Um 13. gr.

Í gildandi lögum er að finna ákvæði um þessi efni í 2.—3. mgr. 20. gr.

Síðari málsgreinin er lagt til að verði óbreytt, en í hinni fyrri er hér tekið  
upp nýmæli.

Eins og skráningu er nú háttað, er heildarskrá yfir alla skipverja aðeins í  
vörzlu skipstjóra, en samrit lögskráningarstjóra geta verið á mörgum stöðum. Ára-  
mótaskráning er oftast gerð hjá lögreglustjóra í heimahöfn skipsins, en síðari  
breytingar og viðbætur eru gerðar hjá næsta lögskráningarstjóra, sem til næst, allt  
eftir því hvar skip þá er statt, og hinum síðari ekki skylt samkvæmt gildandi  
lögum að tilkynna breytinguna eða viðbótina til þess lögskráningarstjóra, sem  
undirritaði aðalskrána.

Nýmæli 1. mgr. þessarar gr. stefnir að því að sameina upplýsingar um allar  
skráningar hjá einu embætti, þar sem áramótaskráning var gerð, og þar eiga því  
jafnan að vera fyrir hendi nákvæmar upplýsingar um skipshöfnina.

#### Um 14. gr.

Um lögskráningu úr skiprúmi eru dreifð ákvæði í gildandi lögum, og eru helztu  
þeirra sameinuð í þessari grein.

1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er efnislega samhljóða 2. mgr. 9. gr.  
gildandi laga, 3. mgr. samhljóða 18. gr. og 4. mgr. 19. gr. gildandi laga.

2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er nýmæli. Nú mun ekki óalgengt að útgerðar-  
menn eða skipstjórar láti afskrá sjómenn frá ákveðnum degi að telja, mismunandi  
löngu fyrir þann dag, sem lögskráningar úr skiprúmi er óskað.

#### Um 15. gr.

Með grein þessari hefst III. kafli, sem greinir þær sérreglur, sem lagt er til að  
gilda skuli um hvers konar fiskiskip, þar með talin hvalveiði- og selveiðiskip.

Samkvæmt grein þessari er lagt til, að ákvæði II. kafla gildi einnig um fiski-  
skip, sé ekki annað ákveðið í III. kafla. Helztu sérákvæðin um fiskiskip eru þau,  
að við lögskráningu í skiprúm á slíkum skipum er að jafnaði ekki skylt, að aðrir

skipverjar mæti en þeir, sem lögskrá á í þær réttindastöður á skipinu, sem krafizt er samkvæmt lögum um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum og samkvæmt heimild í fjarskiptalögunum, þ. e. auk skipstjórans stýrimenn, vélstjórar og loftskreytamadaur, en ekki þeir iðnaðarmenn, sem e. t. v. eru lögskráðir, t. d. matsveinn. Er framar í grg. þessari greint frá, hverjar eru orsakir þess, að nefndin gerir tillögu um breytingar þessar. Eru síðan ákvæði um það í 17. gr., hvernig fer um lögskráningu þeirra manna, sem mæta ekki hjá lögskráningarstjóra við lögskráningu í skiprúm.

Annað aðal-sérákvæði frumvarpsins um lögskráningu á fiskiskip er í 18. gr. og miðar að því að tryggja, að fiskiskip þurfi ekki að tefjast frá því að leggja úr höfn, ef á liggur, þótt ekki náist til lögskráningarstjóra.

#### Um 16. gr.

Eins og vikið er að í skýringum við 15. gr., er ekki gert ráð fyrir, að öðrum en þeim, sem lögskrá á í réttindastöður á fiskiskipi, sé að jafnaði skylt að mæta við lögskráningu í skiprúm og undirrita þar skipshafnarskrá.

Alkunnugt er, að vegna mjög tíðra mannaskipta á fiskiskipum er þar oft mjög erfitt að uppfylla kröfur gildandi laga um að mæta hjá lögskráningarstjóra við lögskráningu í skiprúm og undirrita skipshafnarskrá. Ákvæði þessarar greinar miða að því að leysa vanda þennan og þá á þann hátt, að ávallt séu til hjá lögskráningarstjóra sem fyllstar upplýsingar um, hverjir séu á skipi.

Í 2. mgr. er getið þeirra undantekningartilfella, þegar allir skipverjar á fiskiskipum verða að mæta hjá lögskráningarstjóra. Er ljóst, að í þeim tilfellum, sem þar eru greind, er nauðsynlegt, að ráðningarsamningur sé skráður í skipshafnarskrá og undirritaður af aðilum. Í öðrum tilfellum, er samið er um hin almennu kjör, þykir hins vegar ekki ástæða til að krefjast þessa.

#### Um 17. gr.

Við lögskráningu á fiskiskip, þegar ekki er um að ræða áramótaskráningu eða samningskjör óvenjuleg, verður skipstjóri að sjálfsögðu að rita í skipshafnarskrá nöfn og aðrar upplýsingar um þá skipverja, sem ekki er skylt að mæti sjálfir.

Hér er einnig greint, hvernig skipstjóri sér um, að þeir skipverjar, sem ekki hafa undirritað skiprúmssamning hjá lögskráningarstjóra, undirriti samninginn í eintaki því af skipshafnarskrá, sem er í vörzlum skipstjóra. Er skiprúmssamningur þá fyrst formlega gerður, að því er til þessara skipverja tekur.

#### Um 18. gr.

Grein þessi er efnislega í sama anda og 2. mgr. 7. gr. gildandi laga.

Hér er þó fellt niður það ákvæði 2. mgr. 7. gr. gildandi laga, að skilyrði þess, að nota megi heimild greinarinnar, sé, að skipstjóra hafi ekki verið kunnugt um það, áður en skrifstofu lögskráningarstjóra var lokað, að leggja þyrfti skipinu úr höfn, áður en skrifstofan yrði opnuð aftur. Í stað þessa er tekið upp í frumvarpið það skilyrði, að ekki sé unnt að ljúka lögskráningu á annan hátt. Er þetta talið eðlilegt, þar sem venjan mun sú, að lögskráningarstjórar sýna mikla greiðasemi og lipurð við að lögskrá utan venjulegs skrifstofutíma, sé þess óskað. Er af þessu ljóst, að þetta skilyrði þrengir heimild greinarinnar nokkuð, enda ekki til þess ætlað, að hún verði notuð nema sem undantekning, ef nauðsyn krefur.

Þá er í frumvarpinu gefinn frestur í allt að 24 klst. til að tilkynna lögskráningarstjóra, í stað þess að það skal nú gert áður en látið er úr höfn. Í flestum tilfellum mundi þetta gert með bréfi, áður en lagt er úr höfn, með bréfi útgerðarmanns næsta dag eða símskeyti um talstöð skips eða báts. Er þetta sá háttur, sem nú er á, þrátt fyrir téð ákvæði í 2. mgr. 7. gr. gildandi laga.

Um 19. gr.

Ætlazt er til, að skipstjóri færi nöfn og ráðningarkjör þeirra manna, sem fara með skipi hans ólögskráðir, samkv. 18. gr., inn á eintak það af skipshafnarskrá, sem í skipinu er, og þeir skrifi þar undir skiprúmssamning. Er þá lögskráningu lokið, enda hafi tilkynning verið send lögskráningarstjóra, og ekki ætlazt til, að lögskrá þurfi aftur, næst er skip kemur í höfn, eins og nú er samkv. 7. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. gr. eru ákvæði um eftirlit lögskráningarstjóra með framkvæmd skipstjóra á þeim hluta lögskráningar, sem honum er falinn. Þarfnast mgr. ekki sérstakra skýringa.

Um 20.—22. gr.

Greinar þessar eru efnislega samhljóða 11. og 14. gr., 22. og 21. gr. gildandi laga um lögskráningu sjómanna.

Um 23. gr.

Grein þessi er efnislega í samræmi við 23. gr. gildandi laga, en sleppt ákvæði um gjald fyrir reikningsgerð, þar sem lagt er til, að felldar verði niður 16. og 17. gr. laganna, sbr. framar.

Um 24. gr.

Grein þessi er samhljóða 3. mgr. 9. gr. gildandi laga, að því undanskildu, að lagt er til, að almennur skrifstofutími lögskráningarstjóra í Reykjavík sé frá kl. 9 árd. til kl. 5 síðd., í stað 9 síðd. nú. Verður að telja, að með þeirri rýmkun, sem lagt er til að lögleidd verði á reglunum um lögskráningu, gangi störfin fljótar, enda lögskráningarstjóra skylt að sýna lipurð um lögskráningu utan framangreinds tíma, ef nauðsyn krefur.

Um 25. og 26. gr.

Greinar þessar eru efnislega samhljóða 24. gr. og 25. gr. gildandi laga, en sektarákvæði hækkuð til samræmis við núverandi verðgildi peninga.